

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Brekkusíðu 8-10 á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 17. febrúar 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingar á deiliskipulagi lóðanna Brekkusíðu 8 og 10.

Breytingarnar felast aðallega í færslu sameiginlegra lóðarmarka um 2,85 m til norðurs ásamt breytingum á byggingarreitum og fyrirkomulagi bílskúra. Bæjarstjórn hefur lýst því yfir að hún muni bæta það tjón sem breytingarnar kunni að valda einstökum aðilum.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 5. júlí 2004.*

**Bjarni Reykjalin,**  
skipulags- og byggingarfulltrúi.